

STOFNSAMNINGUR

STRÆTÓ bs.

I. NAFN, HEIMILI OG TILGANGUR

1. gr.

Byggðasamlagið heitir STRÆTÓ bs. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Það er stofnað í samræmi við ákvæði VII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

2. gr.

Tilgangur byggðasamlagsins er að sinna almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu í umboði eigenda sinna. Markmiðið er að efla almenningsamgöngur, bæta þjónustu og auka hagkvæmni. Fyrirtækið starfræki almenningsvagnaþjónustu á svæðinu með einu leiðakerfi og einni gjaldskrá og leiti hverju sinni hagkvæmustu leiða í rekstri og starfrækslu. Fyrirtækið verði samstarfsvettvangur sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu til þess að knýja á um betri rekstrarskilyrði greinarinnar. Fyrirtækið hafi jafnframt yfirumsjón með allri ferðaþjónustu fatlaðra á svæðinu, sbr. 8. gr. eigendasamkomulags aðildarsveitarfélaganna, dags. í dag.

Stjórn byggðasamlagsins getur falið fyrirtækinu yfirumsjón með öðrum skyldum verkefnum, svo sem skólaakstri þar sem það á við, enda verði slíkur rekstur gerður upp sérstaklega milli þeirra sveitarfélaga sem þar eiga hlut að máli.

II. STOFNENDUR, EIGNARHLUTFÖLL OG FRAMLAGSFÉ

3. gr.

Stofnendur byggðasamlagsins eru eftirtalin sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu í neðangreindum eignarhlutföllum sem eru grundvölluð á íbúafjölda 1. desember 2000:

Reykjavíkurborg	63,68%
Kópavogsbær	13,46%
Hafnarfjarðarbær	11,23%
Garðabær	4,60%
Mosfellsbær	3,49%
Seltjarnarneskaupstaður	2,66%
Bessastaðahreppur	0,88%

4. gr.

Stofnfé byggðasamlagsins er kr. 100.000.000,-. Eigendur leggja stofnfé fram í hlutfalli við eignarhlutföll.

Verði viðbótarframlög ákveðin skulu þau greidd hlutfallslega miðað við íbúatölu aðildarsveitarfélaga hinn 1. desember næstan á undan greiðsludegi.

III. STJÓRNSKIPULAG

5. gr.

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð sjö mönnum, einum frá hverju sveitarfélagi og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitastjórnar. Stjórnarmenn fara með hlutfallslegt atkvæðavægi í samræmi við íbúafjölda þess sveitarfélags sem þeir er fulltrúar fyrir. Atkvæðavægi endurskoðast í byrjun hvers árs miðað við íbúatölu aðildarsveitarfélaga hinn 1. desember árið á undan. Framkvæmdastjóri félagsins, eða staðgengill hans, situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúi fjölmennasta aðildarsveitarfélagsins skal vera formaður stjórnar.

Endurskoðun reikninga byggðasamlagsins er í höndum löggilts endurskoðanda samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

6. gr.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði eigi sjaldnar en á mánaðarfresti. Heimilt er þó að fella niður fundi á sumarleyfistíma. Aukafundi skal halda eftir þörfum og er skylt að halda fund, ef a.m.k. þrír stjórnarmenn óska eftir því. Formaður stjórnar boðar til funda og stýrir þeim.

Stjórnin samþykkir fjárhags- og starfsáætlun fyrirtækisins. Hún hefur eftirlit með því að framkvæmd sé í samræmi við samþykktir og markaða stefnu. Hún samþykkir samninga sem gerðir eru við þriðja aðila og áhrif hafa á tekjur eða gjöld.

Samþykki $\frac{3}{4}$ hluta atkvæðavægis í stjórn, þó aldrei færri en þriggja sveitarfélaga, þarf til að þær ákvarðanir öðlist gildi, sem varða rekstrarkostnaðarskiptingu, meiriháttar fjárfestingar, stofnun eða þátttöku í dótturfélögum, breytingar á gjaldskrá eða breytingar á þjónustustigi. Sama gildir um upptöku nýs leiðakerfis, að hluta til eða í heild.

Hvert einstakt sveitarfélag hefur að auki neitunarvald um hækkun eða breytingu á þjónustustigi að því er það varðar sérstaklega, sem hafa mundi í för með sér bersýnilega ósanngjarnan útgjaldaauka umfram aðra og frá því sem nú er.

Fundargerðir stjórnarfunda skulu sendar aðildarsveitarfélögum, sem og fjárhagsáætlun, starfsáætlun og ársreikningur.

7. gr.

Ársfund skal halda fyrir lok september ár hvert. Á fundinum verður gerð grein fyrir fjárhagsáætlun og starfsáætlun komandi árs og öðrum málum sem stjórnin ákveður. Allir sveitarstjórnarmenn í aðildarsveitarfélögunum hafa rétt til að sækja fundinn, sem og allir fulltrúar samgöngu- og skipulagsnefnda á svæðinu.

Stjórnin skal halda aðalfund fyrir apríllok á hverju ári, en þar skal afgreiða endurskoðaða reikninga fyrirtækisins vegna næstliðins rekstrarárs.

8. gr.

Hlutverk stjórnar fyrirtækisins er:

- 1) Að annast stefnumótun fyrirtækisins og sjá til að henni sé fylgt.
- 2) Að samþykkja árlega þriggja ára áætlun um rekstur, fjárfestingu og fjármál. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins og skal hún lögð fram í aðildarsveitarfélögunum til staðfestingar.
- 3) Að samþykkja fjárhagsáætlun og starfsáætlun þar sem markmiðum í rekstri og þjónustustigi er lýst. Fjárhagsáætlun hvers árs skal vera innan þess ramma sem aðildarsveitarfélögin hafa staðfest í þriggja ára áætlun.
- 4) Að hafa eftirlit með rekstri fyrirtækisins og sjá um að lögum, reglugerðum, samþykktum og markaðri stefnu fyrirtækisins sé fylgt. Sérstaklega skal stjórnin gæta þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð.
- 5) Að ráða framkvæmdastjóra og ákveða ráðningarkjör hans, ákvarða skipurit, veita prókúruumboð og skera úr um ágreining.

9. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur fyrirtækisins á grundvelli laga, reglna og stefnumótunar stjórnar. Hann skal gefa stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um reksturinn, sem þeir kunna að óska eftir. Hann ber ábyrgð á undirbúningi þriggja ára áætlunar, fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar og leggur tillögur sínar fyrir stjórn. Hann ber ábyrgð á því gagnvart stjórn að rekstur fyrirtækisins sé innan útgjaldaheimilda fjárhagsáætlunar og í samræmi við almenn markmið með starfseminni og samþykta starfsáætlun.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og viðurkenndar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn fyrirtækisins, en hann skal hafa samráð við stjórnina um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstörf. Hann veitir starfsmönnum lausn frá störfum og fjallar um launamál þeirra. Starfsmenn byggðasamlagsins, vagnstjórar, starfsfólk á skrifstofu, verkstæðismenn og aðrir þeir sem starfa hjá SVR eða AV við stofnun fyrirtækisins, skulu njóta sömu réttarstöðu hjá byggðasamlaginu þegar þeir flytjast til þess, í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga.

Framkvæmdastjóri skal vera samgöngu- og skipulagsnefndum aðildarsveitarfélaganna til ráðgjafar varðandi þau mál sem varða skipulag og framkvæmd almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóri, eða fulltrúi hans, skal eiga rétt til setu á fundum viðkomandi nefnda og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, enda sé verið að fjalla um mál sem beinlínis hafa áhrif á almenningsgangur eða þróun þeirra.

IV. FJÁRMÁL OG REKSTUR

10. gr.

Framkvæmdastjóri undirbýr ár hvert sundurliðaða fjárhagsáætlun innan þess ramma sem þriggja ára áætlun veitir.

Aðildarsveitarfélögin greiða framlög til rekstrar samkvæmt sérstöku eigendasamkomulagi um skiptingu rekstrarkostnaðar o.fl., sem skoðast hluti af samningi þessum.

11. gr.

Aðildarsveitarfélögin inna mánarlega af hendi greiðslur í samræmi við fjárhagsáætlun, fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Hafi greiðsla ekki farið fram fyrir 10. dag hvers mánaðar skal hún bera hæstu dráttarvexti sem Seðlabankinn heimilar á hverjum tíma.

12. gr.

Stjórn fyrirtækisins getur leitað samninga við Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar um að annast innkaup á vörum og þjónustu og útboð á verklegum framkvæmdum, þ.m.t. samningsgerð við verktaka til þess að tryggja með sem bestum hætti jafnræði milli þeirra sem fyrirtækið skiptir við.

13. gr.

Stjórn fyrirtækisins er heimilt að setja á stofn hlutafélög til þess að sinna tilteknum verkefnum enda falli þau að tilgangi samlagsins. Stjórninni er heimilt að leita samstarfs við aðra aðila um stofnun slíkra félaga. Samþykktir dótturfélaga skulu lagðar fram í aðildarsveitarfélagunum til staðfestingar.

14. gr.

Sveitarfélögin sem aðild eiga að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þegar uppgjör fer fram.

15. gr.

Stjórn fyrirtækisins hefur ekki umboð til að binda sveitarsjóði aðildarsveitarfélaganna að öðru leyti en því sem kveðið er á um í samningi þessum.

V. ENDURSKOÐUN STOFNSAMNINGS OG SLIT FÉLAGSINS

16. gr.

Samning þennan skal endurskoða í síðasta lagi innan 5 ára frá stofnun byggðasamlagsins með hliðsjón af reynslu af framkvæmd hans og breyttum aðstæðum. Síðan skal á sama hátt endurskoða samninginn á a.m.k. 10 ára fresti. Til þess að breytingar á samningnum nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þær, eða þær verið samþykktar í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins í samræmi við áskilnað 2. mgr. 83. gr. laga nr. 45/1998.

17. gr.

Gangi sveitarfélag úr byggðasamlaginu eða verði það lagt niður skulu um það gilda ákvæði 84. gr. og 85. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Hafnarfirði, 7. maí 2001.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Garðabæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Seltjarnarnesskaupstaðar

F.h. Bessastaðahrepps

Samhliða stofnsamningi um STRÆTÓ bs., sem undirritaður er í dag, gera stofnendur byggðasamlagsins með sér svofellt

EIGENDASAMKOMULAG

vegna stofnunar og fyrirhugaðrar starfrækslu fyrirtækisins og skoðast það sem hluti stofnsamningsins eftir því sem við á. Samkomulagið tekur til neðangreindra þátta:

1. Skipting á rekstrarkostnaði.
2. Sameiginleg gjaldskrá.
3. Breytingar á leiðakerfi í upphafi.
4. Yfirlýsing um aukinn og samræmdan forgang.
5. Drög að stofnefnahag félagsins.
6. Samkomulag um eignarhald á vögnum.
7. Endurbætur í rekstri.
8. Ferðaþjónusta fatlaðra.
9. Húsnæðismál.
10. Starfsmannamál.
11. Vetnisvagnar.

1. Skipting á rekstrarkostnaði.

Rekstrarkostnaði verði skipt með eftirfarandi hætti:

I. Fyrstu tvö árin verði þeim rekstrarkostnaði sem ekki greiðist með rekstrartekjum skipt í neðangreindum hlutföllum:

Reykjavíkurborg	69,60%
Kópavogsbær	11,32%
Hafnarfjarðarbær	9,38%
Garðabær	3,91%
Mosfellsbær	3,92%
Seltjarnarneskaupstaður	0,94%
Bessastaðahreppur	0,92%

Ofangreind skiptihlutföll miðast við leiðakerfið eins og það er við undirritun samnings þessa, að viðbættum þeim breytingum sem SVR og AV höfðu gert ráð fyrir að gildi tækju síðar á þessu ári og gert ráð fyrir í fjárhagsáætlunum yfirstandandi árs.

II. Áfram verði unnið að nákvæmri útfærslu rekstrarkostnaðarskiptireglu sem tæki gildi við heildarendurskoðun leiðarkerfisins sem reiknað er með að geti gengið í gildi tveimur árum eftir að fyrirtækið tekur til starfa. Að meginstefnu skal miða við það að hin nýja kostnaðarskipting grundvallist annars vegar á eignum kílómetrum í þágu og innan hvers sveitarfélags, sem greiðist af viðkomandi sveitarfélagi og svo hins vegar á

sameiginlegum tengiakstri. Við það skal miðað að upptaka nýrrar kostnaðarskiptireglu leiði ekki til breytingar á kostnaðarhlutföllum milli eigenda frá því sem nú er, nema jafnframt verði samsvarandi breyting á þjónustu gagnvart einstökum sveitarfélögum, breyting á tengiakstri milli sveitarfélaga, eða þau semji sérstaklega um annað.

2. Sameiginleg gjaldskrá.

Við upphaf starfrækslu félagsins verði tekin upp ein gjaldskrá á öllu svæðinu sem hafi það að markmiði að fjölga farþegum og auka tekjur til samræmis við verðlagsþróun.

3. Breytingar á leiðakerfi í upphafi.

Samningsaðilar eru sammála um að stefna að því að þann 1. júlí nk., þegar fyrirtækið hefur formlega starfrækslu, geti gengið í gildi lágmarksbreytingar á leiðakerfi sem hafi það að markmiði að tengja betur saman þjónustusvæði fyrirtækjanna tveggja. Þær forathuganir sem framkvæmdar hafa verið í undirbúningi að stofnun fyrirtækisins skulu hafðar til hliðsjónar í því sambandi. Eftir er að taka tillit til þeirra breytinga á kostnaðarskiptingu sem af því leiðir, undir lið 1 í samkomulagi þessu, hér að framan.

4. Yfirlýsing um aukinn og samræmdan forgang.

Sveitarfélögin tryggja strætisvögnum sem aka á vegum fyrirtækisins samræmdan og aukinn forgang í umferð, en jafnframt munu sveitarfélögin koma saman fram undir merkjum félagsins til þess að vinna að hagsmunamálum almenningsgangna gagnvart ríkisvaldinu.

5. Drög að stofnefnahag félagsins.

Fyrir liggja drög að stofnefnahag fyrirtækisins, sbr. fylgiskjal og er hann lagður til grundvallar við stofnun fyrirtækisins með þeim fyrirvörum sem þar greinir. Drögin byggja á reikningum SVR sl. tvö ár og má gera ráð fyrir einhverjum breytingum miðað við 1. júlí nk. Eins og þar kemur fram er gert ráð fyrir að yfirfærðar eignir SVR til félagsins nemi kr. 43.000.000-, þegar búið er að draga frá skuldir. Við það skal miðað að sú tala geti hreyfst til við endanlegt uppgjör þannig að hún gæti farið úr kr. 43.000.000-niður í kr. 20.000.000- eða upp í kr. 60.000.000- króna, eftir því hvernig birgða- og rekstrarvörulager, ásamt öðrum peningalegum eignum, stendur á væntanlegum yfirfærsludegi, 1. júlí nk. Sveitarfélögin greiði Reykjavíkurborg beint þennan hluta að tiltölu miðað við fólksfjölda, eins og annan stofnkostnað, en Reykjavík ber sjálf sinn hluta. Gert er ráð fyrir að annar stofnkostnaður nemi kr. 57.000.000- og skiptist hann á öll sveitarfélögin að tiltölu.

Fyrirtækið kaupir bifreiðaflota SVR af Reykjavíkurborg, á bókfærðu verði, kr. 308.403.525-. Kaup þessi hafa ekki áhrif á stofnefnahag fyrirtækisins öðru vísi en þannig að þau koma jafnt inn eigna- og skuldamegin.

6. Samkomulag um greiðslukjör á vögnum.

Byggðasamlagið kaupir allan strætisvagnafloa SVR, ásamt eftirtöldum þjónustubílum; dráttarbil og tveimur sendibílum af Volkswagen og Ford gerð, með þeim hætti að gefið verður út skuldabréf að fjárhæð kr. 308.403.525-, verðtryggt, til 14 ára og með 5% föstum vöxtum og einum gjalddaga á ári, í fyrsta skipti þann 1. júlí 2002. Vextir greiðast eftirá, á sama tíma og afborganir.

7. Endurbætur í rekstri.

Hafin skal eins fljótt og hægt er vinna við heildarendurskoðun leiðakerfisins og á öðrum rekstrarlegum þáttum, þar sem nýtt verði og eflid innlend sérfræðipækking, með það að markmiði að taka upp nýtt heildstætt leiðakerfi á öllu þjónustusvæði fyrirtækisins fyrir 1. júlí 2003. Stefnt skal að upptöku rafræns greiðslukerfis fyrir sama tíma.

8. Ferðaþjónusta fatlaðra.

Þegar verði hafist handa við undirbúning að yfirtöku fyrirtækisins á umsjón með allri ferðaþjónustu fatlaðra á svæðinu þannig að fyrirtækið geti hafið starfrækslu þeirrar starfsemi samhliða annarri starfsemi.

Um verði að ræða sameiginlega skipulagningu og umsjón með rekstrinum eftir því sem við á, en sveitarfélögunum verði að öðru leyti í sjálfsvald sett hvernig þau haga sjálfri framkvæmd þjónustunnar, þ.m.t. hvort þau fela hana fyrirtækinu.

9. Húsnæðismál.

Reykjavíkurborg leigi fyrirtækinu til að byrja með alla aðstöðu að Borgatúni 41, Reykjavík, að undanskilinni skrifstofuaðstöðu á 2. hæð. Hið leigða er því nánar tiltekið verkstæði og þvottastöð ásamt annarri aðstöðu og plönnum fyrir vagnana. Leigugjald skal vera sanngjarnt og endurspegla raunkostnað af hinu leigða.

Fyrirtækið leiti samninga um að kaupa eða leigja húsnæði fyrir nýjar höfuðstöðvar fyrir skrifstofuhald og stjórnun í núverandi húsnæði SVR í Mjódd og/eða viðbótarhúsnæði tengdu því.

Öll biðskýli á vegum fyrirtækisins verði rekin af viðkomandi sveitarfélögum. Núverandi skiptistöðvar skulu reknar af fyrirtækinu næstu 2 árin, en við það er miðað að eignarhald þeirra í Reykjavík flytjist til borgarinnar. Afnot fyrirtækisins af öllum skiptistöðvum skulu vera endurgjaldslaus á aðlögunar- og endurskipulagningartíma, fyrstu 2 starfsár fyrirtækisins og skulu viðkomandi sveitarfélög ekki krefja um leigu á þeim tíma. Frekari afnot eru háð samningum milli aðila. Venjulegur rekstrarkostnaður, hiti, rafmagn, ræsting, húsvarsla og smáviðhald greiðist af fyrirtækinu.

10. Starfsmannamál.

Aðildarsveitarfélögin eru sammála um að nánari útfærsla á yfirtöku hins nýja fyrirtækis á núverandi starfsemi AV og SVR verði í fullu samráði við starfsmenn, enda er þeim tryggður sambærilegur réttur í hvívetna við yfirtökuna og þeir njóta nú.

11. Vetnisvagnar.

Reykjavíkurborg er þátttakandi í tilraunaverkefni um notkun vetnisknúinna strætisvagna, vegna eignaraðildar sinnar að Vistorku hf. Aðilar eru sammála um að STRÆTÓ bs. yfirtaki réttindi og skyldur samkvæmt þeim samningi, en þó þannig að falli einhver viðbótarkostnaður á félagið, umfram þau not sem félagið kemur til með að hafa af viðkomandi vögnum, falli hann á Reykjavíkurborg eina, nema öðruvísi verði um samið.

Nánar verður unnið að útfærslum ofangreindra þátta eftir því sem við á, í samræmi við þær áherslur og útlínur sem dregnar hafa verið í samkomulagi þessu, á tímabilinu frá stofnun félagsins og fram að 1. júlí þegar það tekur formlega yfir rekstur.

Hafnarfirði, 7. maí 2001



F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Kópavogsbæjar



F.h. Hafnarfjarðarbæjar



F.h. Garðabæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Seltjarnarnesskaupstaðar



F.h. Bessastaðahrepps

